

89 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um endurborgun á 19. sept. vinfangatolli. — Verzlunarstjóri Örum & Wulffs á Vopnafirði hefur í erindi, er hann hefur sent hingað beina leið, farið þess á leit, að verzlun þessari verði endurgoldnar úr landssjóði 21 kr. 80 a., sem greiddar hafi verið í toll af nokkru af vínföngum, sem fluttust til verzlunarinnar í fyrra haust, en lekið höfðu niður á leiðinni til Íslands.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir verzlun Örum & Wulffs á Vopnafirði, að með því að hinn umræddi leki var eigi rannsakaður á Berufirði, þarsem skipið, sem vínföngin flutti, fyrst kom við land, og var afgreitt að tollinum til, heldur fyrst þegar það var komið til Vopnafjarðar og allt tolleptirlit með skipinu var hætt, þá getur það ekki álitizt nægilega sannað, að lekin, einsog lög 11. febr. 1876 heimta, hafi orðið á leiðinni til Íslands og hin umbeðna endurborgun getur því ekki orðið veitt.

90
22. sept.

A u g l ý s i n g um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur með brjefi 26. f. m. samþykkt:

- 1, að póstaðgreiðslan á Miklabæ verði flutt að Víðimýri.
- 2, að hinn svokallaði Sauðárkrókspóstur verði um leið lagður niður, en Siglufjarðarpósturinn látinn fara, einsog áður var, frá Víðimýri um Sauðárkrók, Hofsó og Haganes til Siglufjarðar.

Reykjavík 22. septbr. 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jenson.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1884 og 1885.

10. gr. C 4.

Samþykktar tillögur:

Sýslunefndarinnar í Árnessýslu um að verja 910 kr. (Stjórnartíð. þ. á. B 17) þannig: til launa handa búfræðingi 400 kr., til að ræsa fram Skúfslæk 100 kr., til framskurðar kringum Vörðufell 205 kr., og til framhalds á skurði í Hjallafor og til nýs farveggar yfir Varmá 205 kr.

Sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu um að verja 60 kr. (sbr. Stjórnartíð. B 17) til verðlauna handa einum búanda þar á eyjunum fyrir kálgarðarækt og ýmiskonar framtakssemi í búnaðarlegum efnum.

EMBÆTTASKIPANIR M. M.

24. júlí var lyfsali N. S. Krüger viðurkenndur af konungi kgl. hollenzkur konsúll í Reykjavík.

28. ágúst var prestur að Húsavík, prófastur sjera Kjartan Einarsson af konungi skipaður prestur í Holtsprestakalli undir Eyjafjöllum í Rangárvallaprófastsdæmi.

4. septbr. skipaði landshöfðingi prestaskólakandidat Ólaf Ólafsson prest að Lundarprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi.

8. s. m. skipaði biskup sóknarprestinn að Holti í Önundarfirði, sjera Janus Jónsson til þess að vera virkilegan prófast í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

10. s. m. setti landshöfðingi brezkan konsúl í Reykjavík W. G. Spence Paterson til þess fyrst um sinn frá 1. okt. þ. á. að gegna kennaraembætti því við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum sem skólakennari þorvaldur Thoroddsen hefur haft á hendi.

LEIÐRJETTING.

Á bls. 110 hjer að framan (brjef landsh. 17. ág. B 76) hefur í 20. línu að ofan misprentast Árna Finnssyni í staðinn fyrir Ara Finnssyni.